

Brúðkaup með íslenska náttúru að umgjörð



HÚN hefur stundum verið kölluð skrandrottning og dótið hennar þótt skrítið. Af flestum er hún þó talin fjölhæfur listamaður og það er afskaplega fátt sem hún ekki kann skil á, er lýtur að handmenntum og listsköpun.

Guðrún Sigurðardóttir er hreinræktaður Héraðsbúi og hefur lengstum búið á Egilsstöðum. Hún tindi fyrsta blágresisvöndinn sinn þriggja ára við Gljúfravatn í Hróarstungu og segir það marka upphaf djúpstæðrar sköpunarþarfar, sem fylgt hefur henni allar götur síðan og nú um ótroðnar slóðir. Hún menntaði sig í textílfræðum og hefur síðan ýmist kennt eða rekið blóma- og gjafavöruverslun og skreytingaverkstæði.

"Fyrir tíu árum fór ég að hugleiða fyrir alvöru að nota íslenska náttúru í handverk" segir Guðrún. "Það byrjaði þannig, að eitt haustið fuku inn í búðina hjá mér asparlauf, gul og falleg, og ég fór að athuga hvort ekki væri hægt að nota þetta eitthvað, sem var vissulega hægt þótt þau séu viðkvæm. Þá fór ég að prófa að nota allt mögulegt annað úr náttúrunni og kynna efnið með ýmiss konar tilraunum. Núna er þetta uppistaðan í öllum mínum skreytingum."

Hvað nýtir þú helst úr náttúrunni?

"Við eigum miklu meira í náttúrunni en okkur sýnist, þegar við lítum hana mórauða út um gluggann. Sem dæmi um það sem ég nota er birkikrans, sem er gjarnan uppistaða í ýmislegt. Þá má nefna fjölbreytta mosa, allskyns lyngtegundir með eða án berja og berjavísa, blóðberg, bláklukkur, hvít- og gulmuru, umfeðmingsgras, grávíði, blágresi, stór, fífur, sveppi, börk, njóla, rekla, baldursbrár, steina, hrosshár og bein. Stundum er það svo að fólk vill hafa afskorin blóm með og þá nota ég gjarnan appelsínugular eða ferskjulitar rósir sem fara mjög vel við liti villigróðursins."

Guðrún sækir efni sitt í mela, móa og mýrar, en auk þess fer hún mikið út í skóginn. Hún segist nota mest úr skógarbotninum og gjarnan það sem aðrir myndu flokka sem rusl eða affall, t.d. börk og rætur. Stundum klifrar hún upp í trén til að sækja reyniber og sitthvað fleira. Ekki má heldur gleyma því að hún safnar af ástríðu ryðbrunnum gullum sem á veginum verða og nýtir í skreytingar sínar.

Guðrún hefur sett sér þá meginreglu að taka aðeins það sem fellur til. Hún viðar að sér með því að klippa, en rifur ekki og segist ganga þannig um náttúruna að það sjáist helst ekki að hún hafi verið á ferð.

Hvaða jurt stendur hjarta þínu næst?

"Það er sjálfsagt birkið, en það er ótrúlega gott efni. Ég nota allt frá grófasta birki til þess fíngerðasta. Það eru til fjölmargar gerðir og ég vel það eftir því hvað ég er að gera. Birkið á Austurlandi er mjög mjúkt, því það vex svo hratt. Birkið á Suðurlandi er aftur miklu harðara og kræklióttara. Svo eru auðvitað jurtimar sem einkenna Austurland, eins og bláklukkurnar sem eru mjög skemmtilegar."

Hvernig skynjar þú hvað hentar hverjum og einum?

"Í mörgum tilfellum kemur fólk til mín og hefur þá í huga hefðbundinn, lafandi brúðarvönd með bleikum rósum, en endar í einhverju allt öðru. Þá er ég búin að sýna því ljósmyndir af náttúruskreytingum sem ég hef unnið og viðra ýmsar hugmyndir. Það er oft eins og fólk hafi ekki áttað sig á því að hægt sé að vinna með íslenskan gróður á þennan máta. Þá athuga ég í hvaða umhverfi brúðhjónin ætla að gifta sig, geri mér hugmynd um hvaða mann þau hafa að geyma og læt svo innsæið ráða ferðinni.

Annars er ungt fólk í dag miklu meðvitaðra um náttúruna og það sem henni fylgir en áður var og því er mjög vaxandi eftirspurn eftir efniviði af þessu tagi í umgjörð brúðkaupa."

Hún getur líka bakað brúðkaupstertuna!

Guðrún lætur ekki staðar numið við brúðarvendi, heldur tekur hún einnig að sér að skreyta hár brúðarinnar og barm brúðguma og svaramanna. Nefna má hverskyns skreytingar í veislusal og kirkju, og á brúðarbílinn. Þá gerir hún boðskortin, gjafakort, gestabókina, brúðarkertið, skeifuna, postulíns- eða leirvasa undir blómin, morgunverðarbakkann, bútasaum á brúðarrúmið og útsaumaðan brúðkaupsdúk, brúðarkistil og jafnvel "hringapúða" úr steinflögum. Allt er þetta unnið úr ómældu ímyndunarafl og náttúrulegum, endurvinnanlegum efniviði.